

136. löggjafarþing 2008-2009.

Þskj. 24 – 24. mál

Sendandi: Samtök um barnabókastofu/Guðlaug Richter

21. nóvember 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss

Það er samdóma álit þeirra sem standa að Samtökum um barnabókastofu að barnameningarhús af því tagi sem lýst er í þingsályktunartillögunni sé ekki mikilvægasta verkefni á sviði barnameningar um þessar mundir. Samtökin fagna því hins vegar mjög að í hópi þingmanna sé fólk sem lætur sig barnameningu varða og vona heilshugar að það fylki sér um annað málefni sem nú er brýnast að sinna á þessum vettvangi.

Mikilvægasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir á sviði barnameningar er að efla lestrarmeningu með öllum tiltækum ráðum og þátttöku alls samfélagsins. Að margra mati þyrfti að setja hana tafarlaust í gjörgæslu. Mikið er í húfi því samfara minnkandi bóklestri hefur lestrarfærni íslenskra barna dalað á undanförunum árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Máli okkar til stuðnings víssum við í meðfylgjandi skýrslu, *Hvernig glæðum við áhuga barna á lestri?*

Í skýrslunni er fjallað um könnun sem gerð var sl. sumar á vegum Samtaka um barnabókastofu. Könnunin sýnir glögglega að víða í samfélaginu er heilmikil vinna lögð í að hvetja börn til að lesa. Það sem stendur þessu góða starfi fyrir þrífum er skortur á yfirsýn og samstilltu átaki þeirra sem vinna á sviði lestrarhvatningar.

Samtök um barnabókastofu vilja beina því til flutningsmanna tillögu til þingsályktunar um stofnun barnameningarhúss að leggja þá hugmynd til hliðar um sinn og beita sér þess í stað fyrir því að stofnuð verði lestrarmeningarmiðstöð.

Lestarmeningarmiðstöðin hefði það að markmiði að:

- Veita þeim stuðning sem vinna við lestrarhvatningu
- Sameina krafta þeirra sem vinna við að hvetja börn til að lesa
- Hvetja samfélagið í heild til að láta sig málið varða

Heilmikil vinna hefur þegar farið fram sem miðar að því að stofna lestrarmeningarmiðstöð. Tillögur Samtaka um barnabókastofu (sjá meðfylgjandi skýrslu) byggjast á nýrri könnun á stöðu þessara mála og eru þar að auki mjög hógværar og raunhæfar. Aðeins þarf að finna starfsemi hentugt húsnæði og tryggja fjárhagsgrundvöll til fimm ára. Loks má benda á að með tíð og tíma væri auðvelt að víkka út starfsemi lestrarmeningarmiðstöðvar þannig að hún „verði miðstöð fyrir menningarstarf fyrir börn, með börnum og skapað af börnum“.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka um barnabókastofu,

Guðlaug Richter

Aðstandendur Samtaka um barnabókastofu: Landsbókasafn Íslands –Háskólabókasafn, Háskólinn á Akureyri, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Síung, IBBY á Íslandi og Félag íslenskra bókaútgefenda

Hvernig glæðum við áhuga barna á lestri?
Skýrsla um könnun á vegum Samtaka um Barnabókastofu

Guðlaug Richter

Júlí 2008

INNGANGUR	3
HVAÐ ER VITAÐ UM BÓKLESTUR ÍSLENDINGA?	4
LESTRARKENNSLA OG LESSKILNINGUR	5
VERKEFNI YFIRVALDA MENNTAMÁLA OG SAMFÉLAGSINS Í HEILD	6
LESTRARHVATNING Í NÁGRANNALÖNDUM	7
LESTRARHVATNING Á ÍSLANDI	7
SKÓLAR /SKÓLABÓKASÖFN	8
<i>Átök og sprettir</i>	8
<i>Verkefnabanki?</i>	9
<i>Bókmenntir í skólastarfi / skólabókasöfn</i>	10
<i>Höfundaheimsóknir</i>	11
<i>Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk</i>	11
<i>Fyrstu árin</i>	12
HEIMILI	13
ALMENNINGSBÓKASÖFN	14
FJÖLMIÐLAR	15
ÝMIS LESTRARHVATNINGARVERKEFNI	16
SAMANTEKT OG TILLÖGUR UM AÐGERÐIR	17

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um könnun sem fór fram í maí og júní 2008 að tilstuðlan Samtaka um Barnabókastofu. Kannað var hvernig lestrarhvatningu barna er háttað í grunnskólum, leikskólum, á skólabókasöfnum og almenningsbókasöfnum auk þess sem þáttur heimila og fjölmiðla var lauslega skoðaður. Einnig var safnað upplýsingum um lestrarhvatningarverkefni sem unnin hafa verið af áhugafólki og ýmsum samtökum. Könnunin náði ekki til framhaldsskóla og ekki var skoðað með hvaða hætti stutt er við börn sem eiga við lestrarerfiðleika að etja. Sömuleiðis var ekki kannað hvort einhverjar sérstakar aðgerðir eru í gangi á þessu sviði fyrir börn sem eiga annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

Innan Samtaka um Barnabókastofu hefur mikið verið rætt um minnkandi bóklestur íslenskra barna og nauðsyn þess að kenna þeim að njóta bókmennta og fá þau til að lesa sem mest. Sams konar umræða á sér stað innan skólakerfisins og víðar í samfélaginu enda velkjast fáir í vafa um mikilvægi lesturs fyrir almenna menntun, líf og starf í nútímasamfélagi. Undirliggjandi spurning í öllum þessum umræðum er: Hvernig fáum við börnin til að lesa meira?

Það er ljóst að heilmikið er gert til að örva börn til að lesa enda er það yfirlýst stefna bæði skóla og bókasafna auk þess sem ýmsir hópar hafa látið til sín taka á þessu sviði. Hvernig stendur þá á því að bóklesturinn heldur áfram að minnka? Höfum við beitt röngum aðferðum við að glæða lestraráhuga barnanna? Hvað hefur tekist vel og hvað hefur mistekist? Hvað getum við lært af reynslu okkar og annarra? Hverjir eru það nákvæmlega sem vinna á sviði lestrarhvatningar og hvernig stilla þeir saman strengi sína? Svör við þessum spurningum liggja ekki á lausu en eru engu að síður forsenda þess að taka megí á vandanum með markvissum hætti.

Stjórn Samtaka um Barnabókastofu ákvað því að leita svara við ofangreindum spurningum með því að ráðast í könnunina sem þessi skýrsla fjallar um. Stefnt var að því að könnunin þjónaði margþættum tilgangi:

- 1) Kortleggja það sem verið er að gera á sviði lestrarhvatningar vítt og breitt um landið.
- 2) Bregða upp heildarmynd af því hverjir koma að lestrarhvatningarmálum og hvernig störf þeirra tengjast.
- 3) Safna lestrarhvatningarverkefnum sem hafa tekist vel og koma þeim á framfæri á vefnum www.lesum.is. (Horfið var frá þessu markmiði að hluta þegar leið á könnunina af ástæðum sem raktar verða nánar hér á eftir.)
- 4) Kynnast viðhorfum þeirra einstaklinga sem hafa beinan aðgang að börnunum og vinna við að hvetja þau til að lesa.
- 5) Skoða hvað nágrannaþjóðir okkar eru að gera á sviði lestrarhvatningar.

Höfuðmarkmið könnunarinnar var að safna vísbendingum um leiðir til að:

- sameina krafta þeirra sem vinna við að hvetja börn til að lesa
- veita þeim stuðning sem vinna við lestrarhvatningu
- hvetja samfélagið í heild til að láta sig málið varða

Könnunin fólst í viðtölum við fjölmarga einstaklinga sem vinna fyrir börn og með þeim og hafa góða þekkingu á því sem verið er að gera á sviði lestrarhvatningar. Má þar nefna starfsmenn skólaskrifstofa, grunnskólakennara, skólasafnakennara,

leikskólakennara, barnabókaverði á almenningubókasöfnum, barnabókahöfunda og fleiri.

Viðtölin fóru ýmist fram í vinnustaðaheimsóknnum eða með tölvupósti. Samhliða viðtölunum var reynt að skoða sem mest af upplýsingum á Netinu um hvaðeina sem viðkemur læsi, lestri og lestrarhvatningu, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum.

Hvað er vitað um bóklestur Íslendinga?

Allir viðmælendur sem tóku þátt í þessari könnun sögðust álíta að bóklestur íslenskra ungmenna hefði aldrei verið minni og hann héldi áfram að dala. Þessi skoðun hefur reyndar þegar verið staðfest í þremur mismunandi rannsóknum.

Þorbjörn Broddason hefur rannsakað fjölmiðlanotkun íslenskra ungmenna á aldrinum tíu til fimmtán ára frá árinu 1968 og nær rannsókn hans einnig til bóklesturs. Þar kemur í ljós að árið 1968 höfðu 11% barnanna ekki lesið bók á síðustu 30 dögum, 1991 var hlutfallið 18%, 1997 var það 27% og 2003 var það komið í 33%. Þessar tölur eru í samræmi við niðurstöður fjölþjóðlegrar PIRLS-rannsóknar (Progress in International Reading Literacy Study, framkvæmd á vegum IEA) þar sem 9 ára nemendur eru m.a. spurðir hvort þeir lesi sér til skemmtunar utan skólans. Þar kemur í ljós að rúm þriðjú prósent íslenskra nemenda les mjög lítið í bókum. PISA-rannsóknin á vegum OECD sem m.a. hefur kannað stöðu og hæfni fimmtán ára nemenda í lestri (árið 2000) leiðir í ljós að 55% íslensku þátttakendanna lesa ekki í frístundum sínum. PISA-rannsóknin sýnir líka að lesskilningi íslenskra ungmenna hefur hrakað ískyggilega á síðastliðnum árum.

Minna er vitað um lestrarfærni og lesvenjur fullorðinna Íslendinga enda hefur hvorugt verið rannsakað svo heitið geti. Vorið 2000 samþykkti Alþingi að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi fullorðinna Íslendinga. Vinnan átti að fara fram á árinu 2000 og 2001 en þegar til kastanna kom voru ekki fyrir hendi fjármunir til að ráðast í könnunina enda þótti vafasamt að leggja í hana nema uppi væru áætlanir um hvernig bregðast skyldi við niðurstöðunum. Eftir því sem best verður séð hefur þessari samþykkt ekki enn verið fylgt eftir.

Nokkra vísbendingu um lestur fullorðinna er að finna í viðtalsrannsókn og könnun á lesskilningi sem Elisabet Arnardóttir talmeinafræðingur á Reykjalundi og Guðmundur B. Kristmundsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands gerðu árið 2005. Í úrtakinu var 321 einstaklingur á aldrinum 17 – 70 ára. Af þeim áttu 15-20% „erfiðar minningar um lestrarnám sitt“ eins og það er orðað. Niðurstöður rannsóknarinnar má sjá á eftirfarandi slóð: http://www.frae.is/VI//Files/%7B7ed8c050-ba94-4f7a-a85d-3e784864e92b%7D_laesi%20fullordinna-gkea.pdf. Þátttakendur tóku líka próf í læsi og átti talsvert stór hluti þeirra erfitt með að lesa textann. Ef gert er ráð fyrir að dulið ólæsi fullorðinna hér á landi sé svipað og í Danmörku eiga 15-35 þúsund fullorðinna Íslendinga við lestrarörðugleika að etja. Í rannsókn Elísabetar og Guðmundar var einnig spurt um lesvenjur og þar kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti karlanna les aldrei skáldsögur heldur beinist lestur þeirra aðallega að efni á Netinu og í tímaritum.

Ástæða er til að hafa þetta í huga þegar skoðaðar eru leiðir til að fá unga fólkið til að lesa meira. Flestir eru nefnilega á þeirri skoðun að viðhorf foreldra til lesturs hafi

mikið að segja um lestraráhuga barnanna. Þau læra það sem fyrir þeim er haft í þessu eins og öðru.

Lestrarkennsla og lesskilningur

Þegar hefur verið minnst á að PISA-rannsóknin hafi leitt í ljós að lesskilningi íslenskra barna hafi hrakað að undanfögnu. Þessi staðreynd veldur skiljanlega titringi innan skólakerfisins og viðbrögðin láta ekki á sér standa. Nýjar lestrarkennsluaðferðir sem efla lesskilning hafa verið teknar upp í nokkrum skólum á Norðurlandi, Suðurlandi og í Reykjavík og ef til vill víðar. Má þar nefna gagnvirkan lestur og hugtakakort. Við Háskólann á Akureyri er verið að vinna þróunarverkefnið Byrjendalæsi, sem miðar að því að þróa lestrarkennslu í 1. og 2. bekk, og Læsi til framtíðar sem beinist að því að kenna nemendum tvær til þrjár aðferðir til að beita við lestur. Aðferðirnar snúast um það að byggja brú á milli lesandans og texta.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera nánari grein fyrir því hvað átt er við með hugtakinu lesskilningur. Á vef Hafsteins Karlssonar, skólastjóra í Salaskóla, <http://www.ismennt.is/not/hsteinn/modurmv/lesskiln/less.html> segir m.a.: „Lesskilningur er hugtak sem oft ber á góma kennara. Skilgreining þess hefur verið nokkuð óljós en á undanföngnum tveimur áratugum hefur lesskilningur talsvert verið rannsakaður og í kjölfar þess hafa komið fram nýjar kenningar. Í stuttu og mjög einfölduðu máli má segja að lesskilningur felist í því að tengja þær nýju upplýsingar sem fást við lesturinn, við það sem lesandinn veit fyrir. Þetta hlýtur að hafa áhrif á kennsluaðferðir, ekki bara móðurmálskennara heldur einnig allra hinna. Nemendur fá í hendur gífurlega mikið lesefni í flestum námsgreinum. Það er ætlast til að þeir lesi það og skilji. Líklega hefur of lítil áhersla verið lögð á að kenna nemendum aðferðir sem auðvelda þeim að skilja það sem þeir lesa ...

Lesskilningur er hægt að efla, fyrst og fremst með því að láta nemendur lesa nógu mikið en einnig með því að leggja fyrir þá sérstök verkefni og kenna þeim sérstakar aðferðir sem auðvelda þeim að skilja texta. Þær einkennast af því að nemendur spyrja sig spurninga fyrir lestur, meðan á lestri stendur og að lestri loknum.“

Á eftirfarandi tveimur slóðum er einnig að finna mikið efni um lesskilning:

Lesvefurinn. Slóð: <http://lesvefurinn.khi.is/lesskilningur> Þessi vefur er ætlaður þeim sem eiga við lestrarerfiðleika að etja, ásamt foreldrum og kennurum.

Lesið til að læra. Slóð: <http://skolar.skagafjordur.is/lestur>. Á þessum vef má finna: 1) Almennar upplýsingar um lestur og lesskilning. 2) Almenn íslenskt vefefni tengt lestri og læsi. 3) Efni tengt lesskilningi á erlendum málum.

Það gefur augaleið að til þess barnið eigi möguleika á að njóta lesturs og fyllast lestraráhuga þarf það að tileinka sér lestrarfærni. Enda þótt lestrarkennslan sem slík sé ekki til skoðunar í þessari könnun verður að hafa hugfast að hún er sá grunnur sem lesskilningurinn og lestraránægjan byggjast á.

Ein af niðurstöðum fyrrnefndrar PISA-rannsóknar sýnir fram á mjög sterk tengsl lesskilnings og lestraránægju. Ánægja nemenda af lestri er talin hafa meiri áhrif á

lesskilning en heimilisaðstæður og bakgrunnur fjölskyldu. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að leggja meiri áherslu á lestraránægjuna þegar hugað er að lestrarhvatningu í skólum. Til þessa hefur verið algengast að lestrarhvatningin sé í formi átaks þar sem fjöldi lesinna bóka er gerður að keppikefli en látið liggja milli hluta hvort nemendur hafi ánægju af lestrinum.

Verkefni yfirvalda menntamála og samfélagsins í heild

Það er vissulega hlutverk skólans að kenna nemendum að lesa og kynna fyrir þeim bókmenntir en margir eru á þeirri skoðun að góð lestrarkunnátta verði ekki tryggð nema samfélagið í heild láti sig málið varða.

„Mikilvægi lestrarkunnáttu er óumdeilanlegt og segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2007) að hún sé „undirstaða almennrar menntunar“ (bls. 9). Lestrarhæfni er einnig ómissandi þáttur utan veggja skólans í nútíma samfélagi. Að geta lesið, skilið, túlkað og nýtt sér margvíslega texta til gagns og gamans getur skipt sköpum fyrir fólk í lífi þess og starfi. Það er því eitt þýðingarmesta verkefni yfirvalda menntamála og samfélagsins í heild að tryggja ungu fólki sem mesta hæfni í lestri og lesskilningi“.

Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus Björnsson: PIRLS 2006 Lesleikni í 4. og 5. bekk, Rit 5 – 2007, Námsmatsstofnun

Brynhildur Þórarinsdóttir, aðjúnt í íslensku við kennaradeild Háskólans á Akureyri og barnabókahöfundur, er ein þeirra sem telur að það sé verkefni alls samfélagsins að glæða lestraráhuga barnanna. Hún skrifaði grein í Fréttablaðið á síðasta ári undir yfirskriftinni **Skollaeyru samfélagsins**: „Lestaráhugi og lesskilningur eru tengd órjúfanlegum böndum. Við getum ekki býsnast yfir slöku gengi í lesskilningi nema líta í eigin barm og hugleiða hversu oft við lesum fyrir börn okkar og hversu oft við ræðum við þau um bækur. Þekkjum við uppáhaldshöfunda þeirra, fylgjumst við með þegar nýjar barnabækur koma út? Stöndum við í biðröð til að kaupa handa þeim bækur? Hvað gerum við sem samfélag til að efla áhuga barna á lestri? Er talað um barnabækur af virðingu og áhuga í fjölmiðlum? Fá bókaormar jafnmikla hvatningu til að sinna áhugamáli sínu og íþróttagarpar? Eiga barnabækur greiða leið inn í skólakerfið?“ Fréttablaðið, 7. desember 2007

Í janúar síðastliðnum skrifaði Herdís M. Hubner kennari á Ísafirði eftirfarandi í Bæjarins besta: „Þegar niðurstöðurnar komu úr Pisa-könnuninni um daginn fór af stað mikil umræða um skólamál, eins og gjarnan gerist. Hvað eru skólarnir að gera vitlaust, fyrst lesskilningi hrakar? Ég ætla ekki að fría skólana ábyrgð í þessu máli, en leyfi mér samt að spyrja hvort þetta sé ekki mál samfélagsins alls? Ég spurði nemendur mína í 10. bekk nýlega, u.þ.b. 20 barna hóp, hvort þau hefðu fengið bækur í jólagjöf. 4-5 réttu upp hönd, önnur hristu höfuðið og einhver sagði: „Bækur, oj-nei, sem betur fer fékk ég ekki bækur í jólagjöf.“ Margir segjast aldrei lesa bækur ótilneyddir. Í mínum eyrum hljómar þetta jafngáfulega eins og að segjast aldrei bursta tennurnar, en fólk segir þetta með stolti – margt fullorðið fólk líka. Hvar verður þessi afstaða til? Hún kemur a.m.k. ekki frá skólunum, svo mikið þori ég að fullyrða. Ég held að í skólum á Íslandi sé ýmislegt gert til þess að hvetja börn til yndislestrar, en það dugir ekki til ef allir aðrir yppa öxlum og telja sig stikk-frí.“

Í Reykjanesbæ var samfélagslega sjónarmiðið haft að leiðarljósi þegar efnt var til mikils lestrarátaks undir heitinu Lestrarmenning í Reykjanesbæ. Átakinu, sem var hrundið af stað vegna slakrar lestrarkunnáttu barna í bæjarfélaginu, lauk í apríl 2006 og hafði þá staðið í fimm ár. Merkjanlegt var að börnunum fór fram í lestri á tímabilinu sem átakið stóð en lestrarkunnáttunni hrakaði smám saman á ný eftir að því lauk. Reykjanesbær hefur því ákveðið að hefja nýtt átak nú í haust, 2008, og beina þá sjónum sérstaklega að eldri nemendum. Lestrarmenning í Reykjanesbæ var einstaklega metnaðarfullt verkefni þar sem skólayfirvöld fóru í fararbroddi ásamt almenningsbókasafninu. Enda þótt höfuðtilgangurinn hafi verið að bæta lestrarkunnáttu barna var reynt að glæða lestraráhuga alls samfélagsins, t.d. með uppákomum á bókasöfnum og vinnustöðum og samstarfi við bæjarblaðið. Finna má nánari upplýsingar um Lestrarmenningu í Reykjanesbæ á slóðinni http://reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat_id=112.

Garðabær hefur einnig hafið undirbúning að samfélagslegu átaki og sett fram metnaðarfulla lestrarstefnu, sem hægt er að kynna sér á www.gardabaer.is.

Þessi sveitarfélög hafa gefið gott fordæmi sem ætti að auðvelda öðrum byggðarlögum að feta í þeirra fótspor. Forystumenn sveitarfélaganna verða að gera sér ljóst að skólarnir geta ekki einir borið ábyrgð á því að glæða lestraráhuga barnanna, viðhorf alls samfélagsins til lesturs og bóka hlýtur að skipta sköpum.

Lestrarhvatning í nágrannalöndum

Minnkandi bóklestur barna og lélegur lesskilningur er ekki séríslenskt vandamál enda hafa ýmsar nágrannaþjóðir okkar staðið í stórræðum á undanförunum árum á sviði lestrarhvatningar. Í Danmörku var efnt til **Læselystkampagne** á árunum 2003-2007 og var reynslan af átakinu svo góð að ákveðið hefur verið að halda því áfram að minnsta kosti til 2010 (sjá t.d. www.boernogkultur.dk). Í Noregi var mikið lestrarátak í gangi á árunum 2003-2007 sem gekk undir nafninu **Gi rom for lesing!** (sjá www.skolenettet.no). Í Bretlandi stendur nú yfir ár lesturs (2008) þar sem mikil áhersla er lögð á að hvetja ungt fólk til að lesa (sjá t.d. www.yearofreading.org.uk). Þetta eru aðeins þrjú dæmi en það má örugglega finna miklu fleiri. Enginn vafi er á því að við getum lært heilmikið af reynslu nágrannaþjóðanna í þessum efnum og notfært okkur vinnu þeirra. Meðal annars er hægt að skoða lýsingar á lestrarhvatningarverkefnum á Netinu og laga þau að íslenskum aðstæðum.

Lestrarhvatning á Íslandi

Þegar varpað er fram þeirri spurningu hverjir séu helstu áhrifavaldar á lestur barna og ungmenna nefna flestir skóla og foreldra (eða fjölskyldur). Almenningsbókasöfn eru einnig nefnd og margir vilja bæta við fjölmörgum. Enda þótt könnunin hafi að mestu beinst að þætti grunnskólanna og bókasafnanna verður hér fyrir neðan fjallað stuttlega um hlutverk allra ofangreindra aðila í lestrar- og bókmenntauppeldinu.

Margir fleiri, sem hafa áhuga á lestri og bókmenntum eða eiga hagsmuna að gæta, hafa sinnt lestrarhvatningu með margvíslegum hætti. Á blaðsíðu 17 er að finna lista yfir þessa aðila og þau verkefni sem þeir hafa unnið.

Skólar /skólabókasöfn

Starfsemi grunnskólanna á sviði lestrarhvatningar var könnuð með ýmsu móti. Nokkrar skólaskrifstofur voru heimsóttar og talað þar við yfirmenn og skólafulltrúa, við aðrar voru höfð tölvupóstsamskipti. Nokkrir grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu voru heimsóttir og lögð áhersla á að skoða skólabókasöfnin og ræða við skólasafnakennara. Einnig var skipst á skeytum við skólafólk á landsbyggðinni. Heimasíður fjölmargra skóla sem leggja sérstaka áherslu á læsi og bókmenntir voru einnig skoðaðar. Með þessari yfirferð fékkst gott yfirlit yfir það helsta sem er að gerast í lestrarhvatningarmálum skólanna og verður hér gerð grein fyrir því.

Átök og sprettir

Líklega er vandfundinn sá grunnskóli þar sem ekki er efnt til **lestrarátaks** að minnsta kosti einu sinni á vetri. Eru nemendur þá hvattir til að lesa eins mikið og þeir komast yfir á einni viku og reynt að hleypa í þá kappi með því að gera árangurinn sýnilegan. Það er gert með því að mynda bókaorma eða útbúa laufblöð um hverja lesna bók og laufga smám saman tré svo einhver dæmi séu nefnd. Í Hólabrekkuskóla var fundið upp á nýstárlegri, og jafnframt nútímalegri, lestrarátaksleið. Skólinn „býr svo vel“ að hafa Dominos pizzur sem nágranna og fékk fyrirtækið til liðs við sig. Nemendur útbjuggu pizzusneiðar til að tákna hverja lesna bók og skrifuðu á hana titil bókar, nafn höfundar og aðrar slíkar upplýsingar. Þegar allir nemendur bekkjarins höfðu safnað sneiðum (bókum) í heila pizzu voru þeir verðlaunaðir með heimsókn á Dominos. Þar var þeim boðið í eldhúsið og fékk hver nemandi að búa sér til pizzu eftir eigin höfði. Auðvelt er að ímynda sér hvað þetta hefur vakið mikla lukku.

Kennarar eru nokkuð sammála um að áhugi nemendanna á bókum vaxi meðan á átaki stendur en dali síðan smám saman aftur. Þetta sýnir að stöðugt þarf að halda bókum að börnum og við því hafa allnokkrir skólar brugðist með því að hafa **yndislestrarstund á hverjum degi**. Í 10-20 mínútur á dag (mismunandi eftir skólum) lesa allir nemendur í bók að eigin vali, í að minnsta kosti einum skóla lesa sömuleiðis allir starfsmenn í yndislestrarstundinni og leggja með því áherslu á mikilvægi lestursins. Í Melaskóli hefur verið yndislestrarstund í fjölmörg ár og þar er mjög mikið útlán á bókum í skólasafninu sem skólasafnskennarinn telur lestrarstundinni að þakka.

Í Höfðaskóla á Skagaströnd fór fram lestrarátak með óvenjulegu sniði:
Lestaráttak í skammdeginu: Í janúar tókum við tvær vikur undir átakið og á hverjum degi voru nýttar tvær kennslustundir í þetta. Nemendur komu með teppi og kodda að heiman og áttu að vera búin að velja sér bók til aflestrar. Í þriðja tíma máttu nemendur síðan koma sér fyrir hvar sem var í skólanum, hreiðra um sig og lesa í sinni bók. Kennarar voru á vakt en lásu helst í sínum bókum innan um börnin. Yngri nemendur sem ekki hafa náð lestrartækninni, skoðuðu bækur eða báðu kennara eða eldri nemanda að lesa fyrir sig. Það myndaðist ótrúlega notalegt andrúmslóft og eftir fyrstu tvo dagana fóru allir beint úr annarri kennslustund að lesa (það eru stuttar frímínútur á milli sem þau slepptu sjálfviljug). Hinn hlutinn af átakinu gekk út á að kynna fyrir nemendum sem fjölbreyttasta flóru af bókmenntum. Kennarar ásamt bókasafnsverði völdu sjálfir hvað lesið var. Nemendum var skipt eftir aldri og voru 1. -3. bekkur saman, 4. -6. bekkur og svo 7. - 10 bekkur. Þeir sem lásu var uppálagt að lesa bækur úr sinni æsku eða bækur sem þeir myndu eftir sem hafði áhrif á þau.

Gaman var að fylgjast með hvað margar bækur sem lesið hafði verið upp úr runnu út til nemenda í framhaldinu. Þessu átaki var svo lokið með kökuveislu og buðum við tveimur einstaklingum úr samfélaginu til að lesa fyrir nemendur úr eigin verkum. Verkefnið tókst í heild sinni vel sérstaklega að ná þessari tengingu við það að lesa og hafa það notalegt eigi samleið og svo að auka fjölbreytni lestrarrefnis nemendanna.
Hildur Ingólfssdóttir, skólastjóri

Ýmsar aðrar leiðir, beinar og óbeinar, eru farnar til að vekja áhuga nemenda á bókmenntum. Í grunnskólanum á Ísafirði er t.d. haldið smásagna- og ljóðahappdrætti á hverju hausti, þar sem allir nemendur 2.-10. bekkjar geta sent inn ljóð og smásögur og eru þar með orðnir þátttakendur í happdrætti sem dregið er í þann 16. nóvember. Vinningar eru glæsilegar nýútkomnar bækur, tvær í hverjum árgangi. Úrval af því besta sem berst í happdrættið er birt í bók sem gefin er út í desember á hverju ári og seld í Bókhöðunni og hjá ritara skólans. Andvirði hennar er svo notað til að kaupa vinninga í happdrættinu árið á eftir. Einnig eru bestu verkin lesin upp á hátíðinni á Degi íslenskrar tungu, og það eru nemendur 8. bekkjar, þeir sem hafa staðið sig best í Stóru upplestrarkeppninni árið áður, sem lesa.

Verkefnabanki?

Í skólum um allt land vinna hugmyndaríkir kennarar baki brotnu hver í sínu horni við að útfæra frábær lestrarhvatningarverkefni eins og **Lestraráttak í skammdeginu**. Það er eiginlega sorglegt hve hljótt þessi vinna fer og að verkefni skuli ekki nýtast víðar.

Það sama gildir um ýmis önnur verkefni sem hafa lestrarhvatningu sem undirmerki eins og t.d. Vesturfaraverkefni Setbergsskóla sem er forystuskóli á sviði læsis í Hafnarfirði. Viðfangsefnið er Vesturferðir Íslendinga og er nemendum m.a. gert að lesa skáldsögu Kristínar Steinsdóttur *Vestur í bláinn* (sjá nánar á setbergsskoli.is). Það þarf ekki annað en renna augunum yfir verkefnislýsinguna til að átta sig á hversu mikil vinna liggur þarna að baki. Um leið hvarflar að manni að hver einasti nemandi á landinu ætti að fá tækifæri til að njóta þessarar vinnu í stað þess að hún einangrist innan veggja eins skóla.

Eins og fram kom hér í inngangi var eitt af markmiðum þessarar könnunar að safna góðum lestrarhvatningarverkefnum með það fyrir augum að gera þau aðgengileg öllum á vefnum www.lesum.is. Að hluta til var horfið frá þessu markmiði af eftirtöldum ástæðum:

- Vefurinn BarnUng (ásamt undirvefnum Bókaormum), sem er vistaður á léni Kennaraháskólans, www.khi.is, er frábær vefur sem m.a. hefur að geyma góðar hugmyndir að því hvernig vinna megi með bækur í skólunum. Þegar hefur verið varið miklu fé í hönnun og uppsetningu vefsins og því virðist það bæði óskynsamlegt og sóun á fé og tíma að setja upp annan vef með hugmyndum að lestrarhvatningarverkefnum. Ákjósanlegast væri að afla leyfis um að koma öflugum verkefnabanka upp á BarnUng-vefnum og reka hann síðan með myndarbrag.
- Margir kennarar kannast við BarnUng-vefinn en það kemur á óvart hve fáir virðast nota hann markvisst. Nefna má sem dæmi að margir bókasafnskennarar búa til sína eigin bókalista enda þótt þá sé að finna á BarnUng-vefnum. Að vísu er galli að vefnum hefur ekki verið haldið við síðan 2004 og því hafa bókalistarnir ekki verið uppfærðir en þeir eru engu að síður nothæfur grunnur sem byggja má ofan á. Enginn þeirra kennara

sem rætt var við minntist á verkefnahugmyndirnar á BarnUng-vefnum enda þótt allir teldu að mikill akkur væri í því að safna góðum verkefnum og gera þau aðgengileg á vef. Af þessu má draga þá ályktun að ekki nægi að setja verkefni upp á vef heldur þurfi að vekja athygli á þeim og sífellt koma með nýjar hugmyndir.

- Talsverð vinna liggur í því að búa til greinargóðar verkefnalýsingar og koma þeim á vefinn. Meirihlutinn af þeim verkefnum sem söfnuðust í könnuninni var afhentur á pappírformi og því þarf annaðhvort að falast eftir verkefnalýsingu hjá viðkomandi skóla eða búa hana til.

Niðurstaðan er því sú að skynsamlegast sé að útbúa verkefnalýsingar smám saman og vekja síðan athygli á hverju og einu verkefni þegar það er komið í loftið. Hagkvæmast væri að semja við aðstandendur BarnUng-vefsins og hefja vinnu við að uppfæra hann og halda honum síðan við og bæta við verkefnabanka fyrir lestrarhvatningu.

Bókmenntir í skólastarfi / skólabókasöfn

Margir eru þeirrar skoðunar að allt of lítið sé gert af því að nota barna- og unglingabækur í skólastarfi. Helsta lestrarhvatningin hljóti að felast í því að kenna nemendum að njóta bókmennta og það náist ekki nema að litlu leyti með lestrarátaki þar sem meira er lagt upp úr blaðsíðufjölda en ánægju. Um hlutverk bókmennta í skólastarfi hafa verið skrifaðar nokkra áhugaverðar greinar. Til dæmis skrifaði Þuríður Jóhannsdóttir grein árið 1993 undir titlinum *Bókmenntaþjóðin og börnin – um bókmenntauppleði í skólum*. Þótt greinin sé 15 ára gömul lýsir hún ástandi sem enn er ríkjandi í menntakerfinu. Þuríður segir m.a.: „Það er sem sé víða í skólum verið að gera ýmislegt til að glæða bókmenntaáhuga nemenda þó ég sé hrædd um að oft sé það ansi tilviljanakennt og að stundum séum við á villigötum. Mér finnst að við þyrftum að gera okkur grein fyrir hvert hlutverk bókmenntanna getur verið í skólanum og móta okkur stefnu til að styðjast við frá forskóla og upp í framhaldsskóla.“
<http://barnung.khi.is/kennari/greinar/bokmenntathjod.htm>

Önnur athyglisverð grein um þetta efni var skrifuð í Skímu, 2. tbl. 2006 af Brynhildi Þórarinsdóttur, aðjúnkt í íslensku við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Greinin kallast *Bókormafraedi, um barnabókmenntir í grunnskólum* og þar segir m.a.: „Barnabækur verða að vera hluti af skóladeginum, bæði sem áhugavert kennsluefni og eðlileg afþreying milli verkefna. Markmiðið er ekki bara að fjölga lestrarmínútum barna heldur að auka ánægju þeirra af bókum enda er lestraránægja einn mikilvægasti forspárþátturinn hvað árangur í lesskilningi við lok grunnskólans varðar ...“.

Það eru einkum rithöfundar og skólasafnakennarar sem hafa verið talsmenn þess að auka þurfi vægi barnabókmennta í grunnskólunum. Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur, hefur lagt stund á kennslu um árabíl og hún telur barnabókmenntir vannýttu auðlind í skólastarfinu: „Ég er ansi hrædd um að samræður um texta séu af skornum skammti í skólunum og því nýtist ekki möguleikar á að þroska máltilfinningu, orðfæri og tjáningu nemendanna eða til að nota bókmenntaefni sem þroskandi hugmyndahvetjandi umræðugrundvöll. Þarna held ég að þurfi að hjálpa kennurum til að þora að láta börnin bæði hlusta og tala ...“ Úr tölvupósti til skýrsluhöfundar

Þarna er kallað eftir stefnu um hlutverk bókmennta í skólastarfi og aðstoð við kennara til þess að kenna nemendum að njóta bókmennta. Hvort tveggja virðist eiga

fulkominn rétt á sér nú þegar beina þarf sjónum að lestraránægju í ríkari mæli en gert hefur verið til þessa. Vel mætti hugsa sér að áður nefndur vefur með verkefnabanka gæti komið þar að góðum notum.

Skólabókasöfnin gegna oft lykilhlutverki í lestrarhvatningu og eru gríðarlega mikilvægur menningarvettvangur í skólunum og kannski oft vanmetin. Þar er beinn aðgangur að hverju einasta barni á landinu til að glæða áhuga þeirra á lestri. Söfnin styðja við lestur með góðu úrvali bóka, bókakynningum, útstillingum, sögustundum, kynningum rithöfunda og lestrarátaki. Lestrarhvatningin er þó aðeins eitt af hlutverkum skólabókasafna sem einnig sinna kennslu í upplýsingalæsi, þjónustu við kennara og nemendur í bókaleit auk þess sem kennslustundir í ýmsum greinum fara fram á safninu með aðstoð skólasafnskennara. Skólasafnskennarinn virðist hafa mikil áhrif á það hvernig starfið á safninu er skipulagt og því er mjög misjafnt á hvaða þætti er lögð mest áhersla. Húsnæðið sjálft hefur líka heilmikið að segja og alveg áreiðanlega stefna skólastjórnenda.

Þeir skólasafnakennarar sem talað var við í þessari könnun lögðu þunga áherslu á mikilvægi skólasafna á sviði lestrarhvatningar og töldu miður að felld hafi verið út úr nýjum lögum um grunnskóla ákvæðið sem gilt hefur frá 1974 að skólasafn skuli vera í hverjum skóla. Telja þeir að aldrei hafi verið brýnna að styrkja starf skólabókasafna. Einn tók svo til orða að skólasafnakennarar væru „mikilvægustu áróðursmeistarar barnabókmenntanna“ þar sem þeir hefðu greiddan aðgang að öllum börnum landsins og auk þess brennandi áhuga á bókmenntum og lestri. Í því samhengi var nefnt að bókaútgefendur þyrftu að átta sig á þessari staðreynd og vera duglegri að senda stuðningsefni á skólabókasöfnin, svo sem eins og plaköt, bókamerki og jafnvel leiki. Allt slíkt hjálpaði til að vekja athygli á einstökum bókum og bókum almennt. Skólasafnakennarar töldu allir að vefur með lestrarhvetjandi verkefnum gæti komið sér vel enda alltaf not fyrir góðar hugmyndir. Loks lýstu nokkrir skólasafnakennarar yfir áhyggjum af því hve lítil nýliðun væri í barnabókahöfundastéttinni hér á landi, sérstaklega kölluðu þeir eftir meira úrvali af íslenskum bókum fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskólanna.

Höfundaheimsóknir

Allir skólar sem haft var samband við í þessari könnun höfðu fengið heimsókn frá **Skáldum í skólum**. Við kostun verkefnisins Skáld í skólum nýtur Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins stuðnings menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, auk þess sem Styrktarsjóður Baugs og Menningarsjóður IHM hafa styrkt verkefnið. Mjög mikil ánægja ríkir með þetta verkefni í skólunum og töldu viðmælendur undantekningalaust að heimsóknir höfunda í skólana hefðu gríðarleg áhrif á lestur bóka þeirra. Stærstu skólarnir kvörtuðu þó yfir því að þessar heimsóknir væru kostnaðarsamar og því ekki eins vel nýttar og æskilegt væri. Þetta er því verkefni sem mætti styrkja enn betur. Einhverjir lýstu yfir áhyggjum af því að fámenni í barnabókahöfundastéttinni gæti farið að hafa áhrif á verkefnið Skáld í skólum og væri það mjög miður enda frábært í alla staði.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Stóra upplestrarkeppnin er orðin árlegur viðburður í 7. bekkjum grunnskóla landsins. Fyrri hluti keppninnar miðast við tímabilið frá degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Honum lýkur með upplestrarhátíð í hverjum skóla þar sem tveir til þrír nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans.

Kennarar hvers skóla hafa veg og vanda af þessum hluta. Síðari hluti keppinnar er haldinn í samkomusal í hverju byggðarlagi í mars. Undirbúningsnefnd velur lesefni sem flutt er en keppendur fá upplýsingar um hvað þeir eiga að lesa með góðum fyrirvara og geta æft sig.

Upplestrarkeppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um eflingu tungunnar en er ekki greidd af yfirvöldum né skilgreind opinberlega sem hluti af verksviði skólayfirvalda. Keppnin er haldin í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara og þátttaka í henni er frjáls. Aðstandendur keppinnar hafa frá upphafi verið Heimili og skóli, Íslensk málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara. Nú sitja einnig í nefndinni fulltrúar Rithöfundasambands Íslands og Félags forstöðumanna almenningsbókasafna.

Enda þótt yfirlýst markmið Stóru upplestrarkeppinnar sé að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði töldu margir viðmælendur í könnuninni að áhrif hennar væru mun víðtækari. Hún hefði t.d. örvandi áhrif á lesskilning þátttakenda og styrkti samvinnu við heimilin þar sem þátttakendur þurfa að æfa upplestur heima. Auk þess hafa einhverjir skólar séð sér leik á borði og boðið þátttakendum í keppninni að æfa upplestur fyrir nemendur í yngri bekkjum eða jafnvel í leikskólum í nágrenninu. Auk þess sem lesarinn fær kærkomið tækifæri til að æfa sig er ekki ólíklegt að áhugi kvikni hjá einhverjum hlustendum að feta í fótspor hans. Nánari upplýsingar um stóru upplestrarkeppnina má finna á www.ismennt.is/vefir/upplestur/

Fyrstu árin

Í umræðu um lestrarhvatningu vill stundum gleymast að mikilvægur undirbúningur að lestrarnámi hefur átt sér stað áður en grunnskólagangan hefst. Lestur byggist á færni í móðurmálinu og því er mjög mikilvægt að efla málþroska barnanna allt frá fæðingu með því að tala við þau og hlusta á þau, lesa fyrir þau og kenna þeim söngva, vísur, rím o.s.frv.

Fyrstu æviárin eru mörg börn á leikskólum og/eða hjá dagforeldrum stóran hluta dagsins. Það gefur því augaleið að málþroski þeirra og viðhorf til bóka mótast að miklu leyti af stefnu leikskólans/dagforeldrisins í þessum málum.

Á öllum leikskólum er mikið lesið fyrir börnin, sungið og farið með vísur og þulur og bækur almennt mikið notaðar í starfinu. Ekki er markvisst verið að kenna lestur en í mörgum leikskólum er lögð áhersla á lesumhverfi með því að hafa bækur mjög sýnilegar, merkja hluti með nöfnum, búa til bókaorma og þess háttar. Í sumum leikskólum er sérstök áhersla lögð á gott og frjótt málumhverfi og í öðrum skipar ritmálið háan sess og börnin látin búa til bækur. Af rúmlega 80 leikskólum Reykjavíkur var þó til skamms tíma aðeins einn sem hafði bókmenntir sérstaklega á námsskrá sinni og kenndi sig við sögumeningu.

Dagforeldrar í Reykjavík sækja námskeið áður en þeir fá leyfi fyrir starfseminni. Sex kennslustundir fara í að fjalla um mikilvægi leiks í daglegu starfi með börnum og hvernig hægt er að flétta hann inn í daglegar venjur. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að lesið sé fyrir börn strax á unga aldri og fjallað um helstu barnabækurnar. Ekki gerð krafa um bókaeign og ekki leiðbeint um notkun bóka á heimilinu. Skýrsluhöfundur gerði skyndikönnun hjá öllum foreldrum sem hann þekkir og eru með börn hjá dagforeldrum. Kom þá í ljós að ekkert þeirra kannaðist við að hafa séð

bækur hjá dagforeldrinu eða hafði hugmynd upp hvort lesið væri fyrir barnið þar. Ef marka má þetta er ljóst að bókaumhverfi og lestur fyrir börnin er ekki efst á forgangslista foreldra.

Heimili

Nánast öll börn á Íslandi alast upp á heimili með einu eða tveimur foreldrum og ef til vill systkinum og mörg eru í nánu sambandi við afa og ömmur. Allir þessir aðilar geta haft afgerandi áhrif á málþroska barnsins og áhuga þess á bókum og lestri, bæði beint og óbeint sem fyrirmyndir. Eins og fram hefur komið eru nánast engar kannanir til hér á landi á lestrarvenjum fullorðinna né heldur á því hvort almennt sé lesið fyrir börn á heimilunum og því er ekki hægt að fullyrða neitt um þessi efni. Viðmælendur í þessari könnun, sem starfa með börnum, og fá þannig nasapef af því hvernig heimilislífi þeirra er háttað, telja langt í frá að daglega sé lesið fyrir börnin og sum njóti þess nánast aldrei að eiga gefandi lestrarstund með foreldrum eða ættingjum heima hjá sér.

Samvinna við heimilin er mikilvæg í öllu skólastarfi og í öllum grunnskólum er gert ráð fyrir því að foreldrar hlusti á börn sín lesa upphátt heima á meðan þau eru að ná tókum á lestrarfærninni. Haldin er dagbók yfir heimalesturinn og eru foreldrar beðnir um að kvitta í bókina þegar barnið er búíð að lesa. Kennarar telja sig þó vita með vissu að stundum sé kvittað án þess að hlustað hafi verið á barnið lesa.

Í Hvolsskóla á Hvolsvelli voru höfð endaskipti á þessari hefð með góðum árangri: *Aðalmarkmið verkefnisins var að auka áhuga krakkanna á að lesa góðar bækur sér til skemmtunar en auk þess átti það einnig að leiða til fjölgunar sameiginlegra „gæðastunda“ foreldra og barna við lestur góðra bóka. Verkefnið stóð formlega í 4 vikur og fór þannig fram að kennarar útbjuggu í samvinnu við skólabókasafnið lista yfir góðar, viðurkenndar barnabækur eftir íslenska höfundar sem hæfðu aldri nemendanna. Lögð var mikil áhersla á að á listanum væru eingöngu „gæðabækur“ hvað varðar mál og efni. Listinn ásamt bréfi með útlistun á verkefninu var síðan sendur heim og foreldrum falið að velja, í samráði við barnið sitt, einhverja bókanna til að lesa upphátt fyrir barnið í ákveðinn tíma á hverjum degi. Útbúin var kvittanabók þar sem krakkarnir kvittuðu sjálf fyrir því að pabbi eða mamma hefðu lesið fyrir þau, en venjulega er þetta „omvent“ og foreldrar eru að kvitta fyrir að barnið hafi lesið heima. Nemendurnir fóru svo með bókina í töskunni á milli heimilis og skóla og lásu sjálfir í henni í daglegum lestrarstundum í skólanum. Nemendurnir áttu eftir sem áður að lesa heima fyrir foreldra sína í öðrum lestrarbókum óháð þessu. Mikil ánægja var með þetta verkefni meðal nemenda og foreldra og á fundi sem haldinn var með þeim síðarnefndu að því loknu, kom m.a. fram að þetta hefði opnað augu margra fyrir mikilvægi þess að lesa fyrir krakkana góðar, innihaldsríkar barnabækur. Einnig kom fram að þó verkefninu væri lokið hefðu mjög margir haldið áfram þessum daglegu lestrarstundum. Foreldrar hvöttu einnig til að framhald yrði á svona lestrarverkefnum næsta vetur, jafnvel nokkrum sinnum yfir veturinn og er það í undirbúningi í skólanum. Kennararnir segjast mjög ánægðir með hvernig til hafi tekist og segjast t.d. sjá mikinn mun á bókavali hjá krökkunum þegar þeir fara á bókasafnið að finna sér bækur. Nú væru þeir í auknum mæli að leita markvisst eftir fleiri bókum eftir þennan eða hinn höfundinn og hefðu almennt meiri áhuga á að lesa sögubækur. Edda Antonsdóttir, kennsluráðgjafi, Skólaskrifstofu Suðurlands*

Aðspurðir sögðu flestir viðmælendur að eina leiðin til að vekja heimilin til vitundar um mikilvægi þess að fá börnin til að lesa meira væri linnulaus áróður. Nauðsynlegt væri að fá fjölmiðla til að taka þátt í átaki um aukinn lestur enda væri þeim málið skylt. Einnig kom fram sú hugmynd að fá samtökin Heimili og skóla til að beita sér meira á þessu sviði og var vísað til þess hve vel hefði gengið í átaki um öryggi á Netinu.

Samtökin Heimili og skóli hafa reyndar látið til sín taka á þessu sviði með útgáfu bæklingisins **Leggjum börnunum lið ... við læsi** sem hefur að geyma upplýsingar og leiðbeiningar um lestrarnám. Meðal annars er foreldrum kennt hvernig þeir geta lagt börnunum lið við lestrarnámið auk þess sem birtur er listi yfir bækur sem eru flokkaðar eftir getu og aldri. Bæklinginn ásamt uppfærðum bókalista er hægt að nálgast á vef samtakanna, www.heimiliogskoli.is

Þess ber að geta að leiðbeiningar og hvatningu til foreldra er að finna víðar á Netinu. Má í því sambandi nefna BarnUng-vefinn og LesVefinn sem einnig er vistaður á www.khi.is og einnig heimasíðu Bókasafns Reykjanesbæjar, <http://reykjanesbaer.is/bokasafn/>.

Almenningsbókasöfn

Á almenningsbókasöfnum eru víðast hvar barnabókadeildir og á stóru söfnunum starfa sérmenntaðir barnabókaverðir. Víða um land er unnið mjög gott starf á almenningsbókasöfnum í þeim tilgangi að hvetja börn til að lesa. Öfugt við skólana hafa þau ekki beinan aðgang að börnunum og þurfa því að treysta á samvinnu við heimili og skóla til að geta haft áhrif á lestraruppeldi barnanna, að minnsta kosti í byrjun.

Athyglisvert er að mjög víða hefur tekist prýðilegt samstarf með bókasöfnum og leikskólum þar sem söfnin bjóða börnunum upp á sögustundir og bókasafnskynningar. Í Reykjavík og fleiri stórum sveitarfélögum eru líka send bókakoffort frá bókasöfnum í leikskólana á tveggja mánaða fresti og býðst foreldrum að fá lánaðar bækur úr koffortunum til að lesa fyrir börnin heima. Í Reykjavík er sögubíllinn Æringi nýjasta viðbótin við starfið fyrir yngstu börnin. Æringi er sérútbúin og myndskreyttur sendibíll sem ekið er milli leikskóla borgarinnar og barnahópum boðið inn til að hlusta á sögur sem sagðar eru af leikkonu sem hefur umsjón með bílnum.

Þegar börnin fara í grunnskóla eiga almenningsbókasöfnin erfiðara með að ná til þeirra. Barnabókaverðir á almenningsbókasöfnum vilja mjög gjarnan vera í meira samstarfi við skólana en finnst þeir ekki eiga greiða leið þangað inn. Engu að síður hafa mörg bókasöfn gert ýmislegt til að höfða til barna og ungmenna og hvetja þau til að lesa. Fyrst er rétt að nefna að almenningsbókasöfnin, að minnsta kosti í stærri sveitarfélögum, bjóða börnum ókeypis bókasafnsskirteini, þannig að kostnaður á ekki að standa í vegi fyrir því að börnin komist yfir bók til að lesa.

Mörg bókasöfn leggja áherslu á sumarstarf með börnum en þekktasta dæmið um það eru sumarlestrarnámskeiðin sem áttu upphaf sitt árið 1993 á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi. Námskeiðin á Selfossi eru þematengd og spanna u.þ.b. þrjár vikur og eru vinsældirnar slíkar að oft eru tveir hópar í gangi. Mjög mörg

bókasöfn hafa fylgt fordæmi Bókasafnsins á Selfossi og bjóða upp á sumarlestur fyrir börn og hefur hvert sinn háttinn á. Oft er það þannig að börnin koma á safnið í júní, skrá sig í sumarlesturinn og fá afhentan bækling til að fylla út. Honum er síðan skilað á bókasafnið fyrir ákveðna dagsetningu í ágúst og fá allir þátttakendur viðurkenningarskjal og glaðning. Í Amtsbókasafninu á Akureyri hefur árum saman verið haldið sumarlestrarnámskeið í samstarfi við Minjasafnið og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn.

Nokkur bókasöfn hafa líka haldið ritmiðjur á sumrin sem er ætlað að glæða áhuga barnanna á skapandi skrifum undir handleiðslu rithöfunda. Í Reykjavík eru þessi námskeið auglýst í ÍTR-bæklingnum og er þátttaka jafnan góð.

Á nokkrum söfnum hefur verið reynt að höfða til nemenda í eldri bekkjum grunnskólanna með því að lána bókakistur í skólana. Í sumum tilvikum hafa nemendur sjálfir fengið að velja í kisturnar og mega þá líka velja bækur á ensku og tímarit. Kisturnar eru hugsaðar sem viðbót við það lesefni sem skólabókasöfnin kaupa.

Þöll er nafn á samtökum barnabókavarða á landsvísu. Samtökin hafa átt samstarf um tvö verkefni um nokkurt skeið. Annað hvert ár er efnt til sameiginlegrar ljóðasamkeppni meðal barna á aldrinum 9-16 ára undir heitinu Ljóð unga fólksins. Skiptast landshlutarnir á um að hafa umsjón með keppninni. Keppnin er kynnt með plakötum sem send eru í skólana og sjá skólarnir um að senda ljóðin til umsjónaraðila. Keppt er í tveimur aldursflokkum, 9-13 ára og 13-16 ára. Veitt eru 1., 2. og 3. verðlaun í hvorum flokki og gefin út bók með bestu ljóðunum.

Á hverju ári efna almenningubókasöfnin til Bókaverðlauna barnanna. Útbúið er plakatið með öllum skáldverkum sem gefin eru út á árinu fyrir börn og unglínga. Plakötin eru send í grunnskólana og hanga uppi á söfnunum og börnin greiða atkvæði um bestu frumsömdu bókina og bestu þýddu bókina. Þátttakan er alltaf góð og skólasafnaverðir sem talað var við í könnuninni minntust allir á hvað plakötin séu vinsæl. Segja þeir nemendur oft standa saman í hópum fyrir framan plakatið og tala um bækurnar og ekki sé spurning að það falli undir lestrarhvetjandi verkefni.

Loks skal þess getið að nokkur almenningubókasöfn hafa tekið upp tímabundna samvinnu við heilsugæslustöðvar. Hún felst í því að hjúkrunarfræðingur afhendir foreldrum sem koma í ungbarnaskoðun bréf frá bókasafninu þar sem þeim er boðið að koma í heimsókn. Um 50% foreldra þiggja boðið og fá þá afhenta bókagjöf og bækling um mikilvægi markvissrar málörvunar auk þess sem barnaeild bókasafnsins er kynnt. Bókasöfnin hafa leitað til Félags bókaútfenda vegna bókagjafarinnar með góðum árangri.

Fjölmiðlar

Margir nefna fjölmiðla sem einn áhrifavald á lestur barna. Eitt er víst að fjölmiðlarnir geta haft umtalsverð áhrif á börn, ekki síst sjónvarpið. Flest nútímabörn hafa eytt dágóðum tíma fyrir framan sjónvarpsskjáinn áður en þau læra að lesa. Sjónvarpið er í eðli sínu sagnamiðill og margir halda því fram að mjög mörg ung börn kynnist sögum fyrst og fremst fyrir framan sjónvarpsskjáinn. Bent hefur verið á að þannig venjist

börnin því að hlusta á sögur með hreyfimyndum, hljóðum og tónlist og þá vakna spurningar um hvaða áhrif það hafi á áhuga og getu barnanna til að nema sögur eingöngu af bókum. Allt frá því að sjónvarpið hélt innreið sína hér á landi hafa sjónvarpsstöðvarnar verið átaldir fyrir metnaðarleysi og áhugaleysi um gerð barnaefnis. Mestallt barnaefnið er erlent að uppruna og því er lítið um efni sem speglar þann veruleika sem íslensk börn búa við. Gagnrýni á prentmiðlana hefur einkum beinst að því að þeir sýni barnabókmenntum ekki sömu virðingu og eftirtekt og bókmenntum fyrir fullorðna.

Könnunin sem hér er til umfjöllunar náði ekki yfir þátt fjölmiðla í lestrarhvatningu og því verður ekki fjölyrt um þau mál hér. Hins vegar er rétt að geta þess að nokkrir viðmælenda, sem eru heitir talsmenn þess að allt samfélagið þurfi að láta til sín taka ef heppnast eigi að auka bóklestur barna, töldu áróðursmátt fjölmiðlanna mikinn. Þegar rætt var um það með hvaða hætti væri hægt að ná til foreldra og brýna fyrir þeim mikilvægi lesturs var í flestum tilvikum minnst á nauðsyn þess að fá fjölmiðla til liðs og hefja linnulausan áróður.

Ýmis lestrarhvatningarverkefni

Hér fyrir neðan er að finna yfirlit yfir aðila, aðra en skóla og bókasöfn, sem hafa unnið að því að örva bóklestur barna með einum eða öðrum hætti. Reynt var að safna upplýsingum um öll helstu verkefni og hefur það vonandi tekist.

Þöll – landssamtök barnabókavarda - halda ljóðasamkeppni unga fólksins annað hvert ár og efna til Bókaverðlauna barna á hverju ári. Bæði þessi verkefni hafa fest sig í sessi og er einkum því síðarnefnda hælt fyrir að hafa lestrarhvetjandi áhrif.

Rithöfundasamband Íslands / SÍUNG er í forsvari fyrir verkefninu Skáld í skólum sem allir eru sammála um að sé gífurlega vel heppnað. Að auki hefur SÍUNG verið í góðu samstarfi við IBBY og fleiri félög um ýmis verkefni. RSÍ er einn af aðstandendum Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk.

Meningarmiðstöðin Gerðuberg hefur frá árinu 2002 haldið sýningu á myndskreytingum úr nýútkomnum barnabókum undir heitinu **Þetta vilja börnin sjá**. Í tengslum við sýninguna eru veitt myndskreytiverðlaunin **Dimmalimm** sem Gerðuberg stendur að ásamt Myndstefi, Félagi íslenskra teiknara, Pennanum og Félagi bókaútgefenda. Árið 2007 hélt Gerðuberg ritþing með Sigrúnu Eldjárn og í tengslum við það var sett upp sýning úr söguheimi Sigrúnar undir heitinu **Allt í plati!** Nemendum í 2. bekk grunnskólanna var boðið á sýninguna og var hún gífurlega vel sótt og stóð uppi í þrjá mánuði.

IBBY á Íslandi (félag áhugafólks um barnabókmenntir) gefur út tímaritið **Börn og menning** sem er eingöngu helgað barnamenningarefni. Það kemur út tvisvar á ári og er jafnan fullt af áhugaverðu efni um barna- og unglingsbækur. IBBY hefur einnig í samvinnu við Mál og menningu staðið að útgáfu á þremur smásagnasöfnum, Ormagulli, Auga Óðins og Heilli brú. Tvær síðarnefndu bækurnar eru byggðar á norrænni goðafræði og hafa heilmikið verið notaðar við kennslu í grunnskólum. IBBY hefur sett á fót barnabókaverðlaunin **Sögustein** í samstarfi við Glitni. IBBY hefur

gefið út tvö dagatöl til að vekja athygli á barnabókum. Fyrri dagatalið var helgað íslenskum myndabókum og var það gefið í alla leikskóla landsins. Seinna dagatalið var helgað Kuggsbókum Sigrúnar Eldjárn sem var handhafi Sögusteins það árið og var það gefið í alla þriðju bekki í grunnskólum landsins. IBBY hefur einnig haldið Bókakaffi nokkrum sinnum til að efla umræðu um barnabækur og stendur auk þess að árlegri ráðstefnu um börn og bækur í Gerðubergi ásamt Menningarmiðstöðinni, SÍUNG, Félagi bókasafnakennara, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Upplýsingu og Borgarbókasafni. Síðastliðin tvö ár hefur IBBY reynt að stofna til samstarfs um að efna til dagskrár á alþjóðlegum Degi barnabókarinnar sem er 2. apríl, fæðingardagur H.C. Andersens. Góð samstaða tókst um að vekja sérstaka athygli á barnabókum meðal bókaútgefenda, bókaverslana í Reykjavík og Borgarbókasafnsins. Hátíðin er enn smá í sniðum en á vonandi eftir að dafna.

Heimili og skóli (landssamtök foreldra) tóku þátt í stofnun Stóru upplestrarkeppninnar auk þess sem samtökin hafa gefið út bæklinginn **Leggjum börnunum lið ---við læsi**. Bæklingurinn, ásamt bókalista sem tekin er saman af sérfræðingi, er aðgengilegur á vef samtakanna.

Félag móðurmálskennara gefur út málgagnið **Skímu** þar sem oft er að finna greinargóðar lýsingar á móðurmálsverkefnum sem eiga m.a. að vera lestrarhvetjandi. Félagið er einnig einn af aðstandendum Stóru upplestrarkeppninnar.

Sunnlensk bókasöfn með stuðningi Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna gáfu árið 2006 út **lestrardagbók**. Lestrardagbókin er lítil og handhæg og myndskreytt. Í dagbókina geta lesendur skrifað upplýsingar um bækur sem þeir hafa lesið, titil og nafn höfundar, dagsetningu og athugasemdir um bókina. Lestrardagbókin var prentuð í 2000 eintökum og seld á almenningsbókasöfnum. Það leið ekki á löngu áður en bækurnar voru uppseldar og nú er fyrirhuguð endurútgáfa dagbókarinnar. Bókaverðirnir sem önnuðust útgáfuna, hafa fengið fjölda fyrirspurna frá grunnskólakennurum hvort þeir geti keypt þessar bækur á kostnaðarverði og nýtt í sérstök lestrarátaksverkefni.

Námsgagnastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um lestrarnám og kennsluhugmyndir í bókmenntum og lestri. Sömu leiðis hafa verið gefnar út kennsluleiðbeiningar við fáeinar nýjar barnabækur.

Félag bókaútgefenda, bókaverslanir og einstaka bókaútgefendur hafa margoft komið að lestrarhvatningarverkefnum með fjárhagslegum stuðningi.

Samantekt og tillögur um aðgerðir

Könnuninni sem hér hefur verið til umfjöllunar var ætlað að varpa ljósi á það sem verið er að gera hér á landi til þess að glæða lestraráhuga barna. Hún var framkvæmd með því að hafa samband við fjölda manns sem vinnur með börnum í grunnskólum, leikskólum og á bókasöfnum. Einnig var haft samband við skólaskrifstofur víða um land og talað við fólk í flestum greinum sem tengjast gerð og útbreiðslu barnabóka. Að auki var reynt að lesa allt það sem skrifað hefur verið um lestrarhvatningu á íslensku auk þess sem vefsíður, bæði innlendar og erlendar, sem tengjast lestrarhvatningu, lestri og læsi á einn eða annan hátt voru skoðaðar.

Þessi yfirferð leiddi í ljós að hér á landi er heilmikil vinna lögð í að örva börn og unglinga til að lesa sem mest af bókum. Með því að draga upp heildarmynd eins og hér er gert er þó auðvelt að koma auga á það sem nauðsynlega þarf að styrkja.

- 1) Það sem einkennir allt starfið sem unnið er í lestrarhvatningarmálum er hversu einangrað það er. Áberandi er að hver vinnur í sínu horni, oft án þess að hafa hugmynd um hvað aðrir eru að gera. Í mörgum tilvikum virðist heldur ekki vera tími eða áhugi fyrir því að kanna hvort einhvern stuðning sé að finna, t.d. á Netinu. Ljóst er að með þessum hætti eru kraftar þeirra sem vinna að lestrarhvatningarmálum dreifðir í stað þess að vera sameinaðir og samstilltir.
- 2) Enginn veit fyrir víst hvornig fjölskyldur barnanna standa sig í því að örva þau til lesturs en skólafólk og fleiri hafa á tilfinningunni að víða sé pottur brotinn. Fengur væri að því að Félag bókaútgefenda eða einhver annar léti fara fram könnun á þessu atriði t.d. í Spurningavagni Gallup. Niðurstöðuna mætti síðan nota til að hanna áróðursherferð sem beindist að foreldrum.
- 3) Á meðan skólarnir og bókasöfnin berjast nánast ein við að glæða lestraráhuga barnanna og flestir aðrir láta sig málið engu eða litlu varða er ekki hægt að búast við miklum árangri. Mikilvægt er að reyna að virkja allt samfélagið og stefna að viðhorfsbreytingu til bóklesturs. Börnin þurfa að skynja að það þyki „smart“ að lesa.

Þegar ákveðið var að leggja út í þessa könnun var hugmyndin sú að einn helsti afrakstur hennar yrði samsafn af lestrarhvatningarverkefnum sem komið yrði fyrir á vefnum lesur.is. Könnunin leiddi hins vegar fljótlega í ljós að takmarkað gagn yrði að slíkum vef einum og sér. Enda þótt viðmælendur telji flestir að fengur yrði að því að hafa greiðan aðgang að góðum lestrarhvatningarverkefnum þá virðast þeir lítið notfæra sér það efni sem þegar er fyrir hendi t.d. á BarnUng-vefnum. BarnUng-vefurinn er að mörgu leyti frábær en af einhverjum ástæðum hefur ekki reynst fært að halda honum við síðustu fjögur árin. Þetta undirstrikar það að ekki nægir að skella verkefnum upp á vef heldur þarf líka að hugsa fyrir því að reka hann og halda honum „lifandi“.

Niðurstaða könnunarinnar er því eftirfarandi tillaga:

Sett verði á fót miðstöð lestrarhvatningar með einum starfsmanni til að byrja með. Verkefni miðstöðvarinnar væri fyrst og fremst að halda úti vef með lestrarhvatningarverkefnum sem þjónaði öllu landinu. Skýrsluhöfundur telur skynsamlegast og hagkvæmast að verkefnabankinn yrði hluti af BarnUng-vefnum sem um leið yrði lífgaður við og fengi verðskuldaða athygli. Þó er vissulega sá kostur fyrir hendi að setja upp nýjan vef. Áhrifaríkast yrði að setja verkefnið í loftið smám saman og beina athygli þeirra sem við á að hverju og einu.

Annað mikilvægt verkefni miðstöðvarinnar væri að byggja upp og halda gangandi tengslaneti þeirra sem vinna við lestrarhvatningu og láta sig barnabókmenntir varða. Starfsmaður miðstöðvarinnar væri í stöðugu sambandi við skóla og bókasöfn í leit að góðum verkefnum auk þess sem hann myndi deila upplýsingum og bjóða fram stuðning og aðstoð. Einnig mætti hugsa sér að starfsmaðurinn legði þeim lið sem vilja hafa forgöngu að því að koma á samfélagslegu átaki í sínu byggðarlagi í svipuðum dómum og Reykjanesbær hefur gert.

Í þriðja lagi myndi starfsmaðurinn leita samstarfs við aðila úti í þjóðfélaginu til þess að setja í gang áróðursmaskínu um eflingu barnabókmennta og lesturs. Mikilvægast væri að beina áróðrinum að foreldrum og reyna að greiða barnabókmenntum og lestrarhvatningu leið inn í fjölmiðlana.

Loks mætti hugsa sér að miðstöðin safnaði upplýsingum um lestrarhvatningu í nágrannalöndunum og skipulegði þing, ráðstefnur og aðra viðburði á sviði barnabókmennta. Í þessu sambandi væri tilvalið að miðstöðin væri í samstarfi við félög eins og IBBY á Íslandi, Þöll, SÍUNG, Félag bókasafnakennara og ef til vill fleiri.

Miðstöð lestrarhvatningar eins og hér er líst þyrfti aðeins lágmarksaðstöðu hvað húsnæði varðar en tölvubúnaður þarf að vera öflugur. Hugsanlega mætti tengja miðstöðina við bókasafn enda væri ákjósanlegt að starfsmaður hefði greiðan aðgang að góðum barnabókakosti. Einnig ætti slík miðstöð tvímælalaust heima á barnamenningarstofnun þegar hún kemst á laggirnar.

Í tillögum þeim sem hér eru fram settar er fyrst og fremst haft að leiðarljósi að byggja á því starfi sem þegar er í gangi á sviði lestrarhvatningar og þrjóna við það. Í öðru lagi er lögð áhersla á að tillagan sé ekki kostnaðarsöm svo raunhæft sé að hrinda henni í framkvæmd án tafar. Í könnuninni safnaðist talsvert af lestrarhvatningarefni sem geymt verður hjá skýrsluhöfundum ásamt listum yfir viðmælendur könnunarinnar og áhugaverðar vefsíður. Allt þetta er góður grunnur sem nýta má til að taka tafarlaust til starfa. Mjög brýnt er að allra leiða sé leitað til að sporua við stöðugt minnkandi bóklestri barna sem allra fyrst.